

Leiðbeiningar vegna umsókna um útborgun endurgreiðslu

Umsækjendum er bent á að kynna sér vel [lög nr. 43/1999](#) og [reglugerð nr. 450/2017](#) um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar áður en sótt er um útborgun.

Umsóknarferli

Umsókn um vilyrði skal send í gegnum [rafræna umsóknargátt](#) sem finna má á heimasíðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Þegar umsókn um útborgun hefur verið skilað er móttaka hennar staðfest með tölvupósti. Ef þörf er á frekari gögnum áður en umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar, fær umsækjandi tilkynningu um það í tölvupósti. Nefnd, skipuð af ráðherra málaflokksins, fer yfir allar umsóknir og metur hvort þær uppfylla skilyrði ofangreindra laga og reglugerðar. Nefndin fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti, en fullnægjandi umsóknargögn skulu liggja fyrir eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir fund.

Umsókn um útborgun endurgreiðslu skal byggja á vilyrði sem gefið var út af endurgreiðslunefnd, í nafni sama umsækjanda og vegna sama verkefnis. Þegar sótt er um útborgun á grundvelli vilyrðis skal þeim hluta verkefnis sem sótt er um endurgreiðslu fyrir vera lokið og endanlegt fjárhagsuppgjör liggja fyrir vegna hans. Sérstök skilyrði eru auk þess vegna umsóknar um hlutaendurgreiðslu.

Skv. 5. gr. laga um endurgreiðslur skal umsókn um útborgun endurgreiðslu berast innan sex mánaða frá lokum framleiðslu. Lok framleiðslu teljast vera í síðasta lagi við frumsýningu. Þegar um framleiðslu þáttaraðar er að ræða teljast lok framleiðslu vera við frumsýningu síðasta þáttar í stakri þáttaröð.

Athygli umsækjenda er vakin á því að fjárheimildir ársins geta verið fullnýttar þegar sótt er um útborgun endurgreiðslu. Í slíkum tilfellum er endurgreiðslunefnd heimilt að fresta útborgun til næsta fjárlagaárs.

Gögn sem óskað er eftir

Vottorð úr fyrirtækjaskrá

Senda skal vottorð úr fyrirtækjaskrá sem staðfestir hver er framkvæmdastjóri félags og hverjir eru í stjórn. Hægt er að nálgast slíkt yfirlit gjaldfrjálst á heimasíðu [fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra](#):

Greinargerð um framleiðsluna

Óskað er eftir stuttri lýsingu á framgangi viðkomandi framleiðslu, þeim vinnsluþáttum sem sótt um endurgreiðslu fyrir, umfangi hvers þáttar, helstu tókustöðum, fjölda starfsmanna o.s.frv.. Greinargerð þessi skal taka mið af þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 4. gr. laga um endurgreiðslur.

Ef sótt er um hlutaendurgreiðslu skal gera grein fyrir stöðu framleiðslunnar og þeim verkþáttum sem ekki eru fullunnir.

Staðfesting á sýningu

Það er forsenda endurgreiðslu að fyrir liggi hvernig staðið verði að almennri dreifingu verksins. Með umsókn um útborgun skal því fylgja staðfesting og upplýsingar um hvar og hvernig verkið verður sýnt opinberlega.

Sérstök athygli er vakin á því að eftirfarandi efni uppfyllir ekki skilyrði laga um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar: auglýsinga- og fréttatengt efni, stuttmyndir, upptökur af íþróttaviðburðum og skemmtunum, efni sem fyrst og fremst er ætlað til kynningar á tiltekinni vöru eða þjónustu, svo og efni sem fyrst og fremst er ætlað til sýninga í eigin dreifikerfi.

Fjármögnun

Óskað er eftir sundurliðun í töfluformi (Excel eða PDF) sem sýnir alla fjármögnunarliði. Heildarsumma fjármögnunarliða skal stemma við kostnaðaruppgjör. Jafnframt skal senda samninga sem staðfesta alla fjármögnun.

Kostnaðaruppgjör

Áður en kostnaðaruppgjör er lagt fram skal umsækjandi kynna sér vel 5. gr. a laga um endurgreiðslur: *Framleiðslukostnaður sem myndar stofn til endurgreiðslu.*

Heildarframleiðslukostnaður vísar til alls kostnaðar sem fellur til við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis, óháð því hvar verkþættirnir eru unnir. Þetta felur í sér kostnað sem fellur til á Íslandi, innan EES-svæðisins, og í öðrum löndum utan EES.

Ítrekað er að eingöngu kostnaður sem greiddur er af umsækjanda myndar stofn til endurgreiðslu. Þetta á einnig við um kostnað sem fellur til innan EES, utan Íslands.

Umsókn skal fylgja sundurliðað yfirlit yfir framleiðslukostnað verkefnis þar sem raunkostnaður er borinn saman við þá

kostnaðaráætlun sem lögð var fram við útgáfu vilyrðis. Ekki er nóg að senda eingöngu samantekt á kostnaði (Top Sheet). Ef eingöngu er sótt um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem greiddur er til aðila sem skattskyldir eru á Íslandi er ekki nauðsynlegt að senda kostnaðaráætlun fyrir heildarframleiðslu verks, aðeins þeim verkliðum sem sótt er um endurgreiðslu fyrir.

Sé verulegur munur á kostnaðaráætlun og raunkostnaði skal fylgja greinargerð þar sem frávik eru útskýrð fyrir hvern kostnaðarlið sem um ræðir. Frávikagreining byggist á kostnaðarliðum í samantekt (Topsheet) og verulegur mismunur telst vera á þeim liðum þar sem raunkostnaður víkur meira en 20% frá framlagðri kostnaðaráætlun.

Umsókn skal fylgja staðfesting undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra þar sem kemur efnislega fram að kostnaðaruppgjörið sé í samræmi við ákvæði laga um endurgreiðslur og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Ef reiknuð endurgreiðsla nemur hærri fjárhæð en 3 m.kr. skal umsókn einnig fylgja staðfesting undirrituð af endurskoðanda þar sem fram kemur að kostnaðaruppgjörinu sé í samræmi við ákvæði laga um endurgreiðslur og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Mælt er til að endurskoðandi skili yfirlýsingu um staðfestingu kostnaðaruppgjörs á forsniðnu skjali. Form fyrir yfirlýsingu endurskoðanda má finna [hér](#).

Sé sótt um **hlutaendurgreiðslu** skal í uppgjóri gera skýrlega grein fyrir því hvaða kostnaðarþættir innan uppfærðrar heildarkostnaðaráætlunar verkefnis mynda stofn til útreiknings hlutaendurgreiðslu. Jafnframt skal gera grein fyrir þeim verkþáttum sem ekki eru fullunnir og þeim kostnaði sem ekki hefur verið greiddur innan uppfærðrar heildarkostnaðaráætlunar verkefnis.

Hreyfingalisti

Kostnaðaruppgjóri skal fylgja hreyfingalisti úr bókhaldskerfi verkefnis (pdf eða Excel skrá) sem sýnir hreyfingar að baki niðurstöðutölum kostnaðaruppgjörs. Hreyfingalistinn skal innihalda tilvísunarnúmer og samtölur sem eru í samræmi við kostnaðaruppgjör.

Ef sótt er um endurgreiðslur vegna kostnaðar sem fellur til á EES svæðinu, utan Íslands, skal sá kostnaður einnig staðfestur með vísan í færslur á hreyfingalista umsækjanda.

Útreikningar á stofni til endurgreiðslu

Einungis sá kostnaður sem fellur til á Íslandi og uppfyllir þau skilyrði sem talin eru upp í 5. gr. a laga um endurgreiðslur telst tækur til endurgreiðslu. Þó er bent á að hafi meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði verksins fallið til á Íslandi er einnig heimilt að reikna endurgreiðslu af þeim kostnaði sem féll til innan EES, auk Grænlands og Færeyja. Bent er á að samkvæmt lögum um endurgreiðslur teljast laun og verktakagreiðslur eingöngu mynda stofn til endurgreiðslu séu þau sannanlega skattlögð á Íslandi.

Þegar umsókn um útborgun er send inn skal allur kostnaður sem myndar stofn til endurgreiðslu vera greiddur og staðfestur með vísun í hreyfingalista. Ef samtala kostnaðaruppgjörs stemmir ekki við samtölu hreyfingalista skal gerð grein fyrir frávikum og sýna útreikninga þar sem kostnaðarliðir sem ekki eru staðfestir með færslum á hreyfingalista hafa verið dregnir frá stofni til endurgreiðslu. Ef hreyfingalisti inniheldur kostnað sem fellur utan stofns til endurgreiðslu skal jafnframt sýna útreikninga þar sem þær færslur sem um ræðir eru sundurliðaðar og dregnar frá stofni til endurgreiðslu. Ef hreyfingalisti umsækjanda inniheldur greiðslur til verktaka eða launþega sem skattskyldir eru innan EES, utan Íslands, skal sá kostnaður ávallt dreginn frá í útreikningi á stofni til endurgreiðslu.

Sérstök athygli umsækjanda er vakin á því að ekki fæst endurgreiðsla vegna kostnaðar sem ekki hefur verið sannanlega greiddur þegar framleiðslu lýkur og sótt er um útborgun. Þetta getur meðal annars átt við um víkjandi þóknarir, fastan stjórnunarkostnað framleiðslufyrirtækis og áætlaðan framtíðarkostnað.

Ef stofnað er sérstakt fyrirtæki (SPV / dótturfélag) utan um framleiðslu verkefnis telst óbeinn stjórnunarkostnaður, hlutdeild í rekstrarkostnaði eða framlag framleiðanda, sem metinn er sem hlutfall af veltu móðurfélags ekki vera hluti af stofni til endurgreiðslu, sbr. d. lið í 5. gr. a laga um endurgreiðslur.

Ef ekki er stofnað SPV utan um framleiðsluna skal kostnaður sem skráður er á verkefnið vegna mögulegs óbeins framlags eða hlutdeildar framleiðslufélags í kostnaði verkefnis (óbeinn stjórnunarkostnaður) byggja á mati á hlutdeild verkefnisins í starfseminni og taka mið af notkun tiltekinnna aðfanga, búnaðar, aðstöðu eða vinnuframlags. Verðlagning þeirra aðfanga skal taka mið af kostnaðarverði í samræmi við þann kostnað sem notaður er við skráningu þeirra í fjárhagsbókhald. Forsendur útreikninga skulu vera skýrar og byggja á eðlilegum sjónarmiðum. Umsækjandi skal jafnframt skila afriti af hreyfingalista framleiðslufyrirtækisins sem staðfestir þann kostnað sem útreikningarnir byggja á.

Öll opinber innlend framlög, þar með talið styrkir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, dragast frá stofni til endurgreiðslu. Þetta á við öll opinber fjárfraðslög sem staðfest eru óháð því hvort þau hafi verið greidd út að fullu þegar sótt er um útborgun endurgreiðslu.

Sundurliðun kostnaðar eftir framleiðslulandi

Ef kostnaðaruppgjör inniheldur greiðslur til fyrirtækja eða einstaklinga sem eru skattskyldir í öðru landi en Íslandi, skal fylgja yfirlit sem sýnir heildarkostnað eftir svæðum:

1. Ísland
2. EES ríki utan Íslands (þ.m.t. Grænland og Færeyjar)

3. Önnur lönd.

Erlendar færslur skulu einnig merktar sérstaklega á hreyfingalista.

Laun og verktakagreiðslur

Í umsókn um útborgun endurgreiðslu er þess óskað að upplýsingar um launa- og verktakagreiðslur séu tilteknaðar sérstaklega. Með launakostnaði er vísað til launa sem staðið hefur verið skil á staðgreiðslu af og gefinn verður upp á launamiðum í árlegum skilum til ríkisskattstjóra. Með verktakakostnaði er átt við greiðslur sem gefnar verða upp á verktakamiðum til ríkisskattstjóra.

35% endurgreiðsla

Til þess að njóta 35% endurgreiðslu þarf umsækjandi um útborgun að sýna fram á að verkefni hafi uppfyllt eftirfarandi þrjú skilyrði:

1. **Endurgreiðsluhæfur kostnaður** vegna framleiðslu á Íslandi skal nema að lágmarki 350 milljónum króna.
2. **Tökudagar** (e. principal photography) á Íslandi skulu vera að lágmarki 10, og samanlagður fjöldi tökudaga og eftirvinnsludaga á Íslandi að lágmarki 30.
3. **Fjöldi starfsmanna** sem vinna með beinum hætti að framleiðslunni á Íslandi skal vera að lágmarki 50. Þeir einstaklingar skulu vera skattskyldir á Íslandi og vinna að framleiðslunni í a.m.k. einn heilan dag hver, sem launþegar eða verktakar.

Þessu til staðfestingar skal leggja fram eftirfarandi gögn með umsókn:

1. Lokaútgáfa af tökuþlani og, ef við á, eftirvinnsluáætlun þar sem skýrt kemur fram fjöldi tökudaga og eftirvinnsludaga á Íslandi.
2. Starfsmannalisti yfir alla sem unnu að verkefninu með beinum hætti og eru skattskyldir á Íslandi. Listinn skal innihalda fullt nafn, starfstíð og fjölda vinnudaga hvers og eins. Starfsmannalistinn þarf að vera í samræmi við kostnaðaruppgjör og hreyfingalista.

Ofangreind skilyrði gilda einnig ef sótt er um **hlutaendurgreiðslu**. Ef framleiðslukostnaðurinn sem þegar hefur fallið til er undir 350 milljónum króna við umsókn um hlutaendurgreiðslu, er endurgreiðsluhlutfallið 25%. Ef endurgreiðsluhæfur kostnaður fer yfir 350 milljónir króna í lokauppgjöri framleiðslunnar, og önnur skilyrði fyrir 35% endurgreiðslu eru sannanlega uppfyllt, er 35% endurgreiðsla reiknuð af heildarkostnaðinum. Upphæðin sem þegar hefur verið greidd út við hlutaútborgun verður þá dregin frá lokagreiðslunni.

Aðrar upplýsingar

Upplýsingar sem óskað er eftir um útgjöld eftir landshlutum og atvinnusköpun eftir kyni eru eingöngu notaðar til greiningar. Þessar upplýsingar hafa ekki áhrif á ákvörðun um styrkveitingu, heldur eru þær nýttar til að meta samfélagsleg áhrif endurgreiðslukerfisins.

